

Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Hvítuborg í Grímsnesi



Atli Rúnarsson

NV nr. 26-21

Júní 2022


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Júní 2022
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: 1.4.2022 ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV. No 19-22	Verknúmer: 540	
Heiti skýrslu: FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS Á HVÍTUBORG Í GRÍMSNESI		Blaðsíður: 15
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta: 1
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir:
Útdráttur Fornleifaskráning á deiliskráningarreit í landi Hvítuborga í Grímsnes og Grafningi		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, Hvítuborgir, Grímsnes		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Hvítuborgir, Grímsnes
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: MHH

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	3
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	4
2.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	5
3. SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	5
4. HVÍTUBORGIR.....	6
5. NIÐURSTÖÐUR.....	7
6. HEIMILDASKRÁ.....	12
7. FORNLEIFASKRÁ.....	9
8. KORT.....	13

1. INNGANGUR

Að beiðni Ögmundar Gíslasonar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Hvítuborg í Grímsnesi. Hvítuborgir voru stofnaðar úr lendum Stóru-Borgar með landskipagjörð árið 2009 og nær fornleifaskráningin yfir allan skikan. Vettvangsvinna fór fram þann 13. júní 2022 og fór Atli Rúnarsson, fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða, á vettvang og sá hann einnig um korta- og skýrslugerð.



Mynd 1 - Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulri stjörnu.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skyld er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum afgáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2772 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2772-001.

3. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er að stærstum hluta flatlent uppgróið og framræst mýrlendi. Hæð yfir sjávarmáli er um 84 metrar við Biskupstungubraut en rís hæst að norðanverðu í um 107 metra. Ekkert ræktað land er innan skikans. Land Stóru-Borgar er bæði að austan- og

norðanverðu, Hallkelshólar að vestan og Biskupstungubraut afmarkar suður enda jarðarinnar.



Mynd 2 - Skráningarsvæðið merkt inn á kort með hvítri punktalínu.

4. HVÍTUBORGIR

Jörðin Hvítuborgir á sér ekki langa sögu en jörðin varð til úr landi Stóru-Borgar árið 2009 með landskiptagjörð. Þar sem einungis er um að ræða lítinn hluta af jörð Stóru-Borgar verður stiklað á stóru í sögulega yfirlitinu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var um svæðið árið 1708, var sagt að jörðin var í eigu biskupsstólsins í Skálholti en jarðadýrleiki var óviss og þar með greiddist engin tíund. Landskuldin var ein hundruð og var borguð í öllum landaurum heima á jörðinni, leigukúgildin voru fimm og voru þau greidd eins. Kvikfé voru níu kýr, þrjár kvígur að fyrsta kálfi, eitt tvívetra naut, þrír kálfar, ellefu ær með lömbum, þrjár lamblausar, sextán sauðir tvívetra og eldri og tuttugu og þrír veturgamlir sauðir, fjórir hestar, eitt hross og einn þrívetra foli. Torfrista og stunga voru sæmileg og mótak til eldiviðar hafði verðin en var orðið ónýtt þegar Jarðabókin var skrifuð. Lax og

silungaveiðivon í Höskuldslæk var orðin lítil og berjatýnsla var varla teljandi. Höskuldslækur spillti enginu með leir og sandi.¹

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Stóra-Borg var lénsjörð prestsins í Grindavík, dýrleikinn var 30 1/3 hundruð, landskuldin 1 hundruð, kúgildin fimm og ábúendur voru 1 leigjandi.²

Í bókinni Sunnlenskum Byggðum var sagt að „Bærinn stendur á brekkubrún en túnin að mestu norðan við hann á flötu heiðlendi. Kalhætta er þar mikil þó áraskipti séu að því. Allmikil framræsla og ræktun hefur verið framkvæmd á jörðinni hin síðari ár. Jörðin er vel í sveit sett og var lengst af þingstaður sveitarinnar. Austan til í túninu eru friðlýstar rústir þar sem þingstaðurinn var. Félagsheimilið Borg er í landi jarðarinnar. Kirkja var reist á Stóruborg 1931 en þangað var hún flutt af Klausturhólum.“³

5. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru fjórar minjar skráðar innan skipulagssvæðisins og má sjá þær í töflunni hér að neðan.

Númer	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
1	Niðurgröftur	Mógröf	engin hætta	
2	Garðlag	Vörslugarður	engin hætta	
3	Tóft	Óþekkt	engin hætta	
4	Niðurgröftur	Framræsla	engin hætta	

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar

Engar minjanna sem voru skráðar virðast falla innan áhrifa fyrirhugaðrar framkvæmda í landi Hvítuborga. Hafa ber þó í huga að samkvæmt menningarminjalögum eiga allar minjar 15 metra friðhelgað svæði í kringum sig.⁴ Einnig skal hafa í huga að ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands.

¹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 340-341

² J. Johnsen, 1847, bls. 71

³ Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson & Júlíus Jónsson, 1983, bls. 127

⁴ Lög um menningarminjar, 2012

6. FORNLEIFASKRÁ

1

Númer: 2772-001

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: 412449.7 N: 397621.3

Lengd: 30m

Breidd: 4m

Hæð veggja:

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei


Friðlýst: Nei

Staðhættir: Í graslendi, um 12m austan við Höskuldslæk og um 30m NV við Biskupstungubraut.

Minjalýsing: Mógröft, um 30 x 4m, nokkuð regluleg, töluvert vatn í henni, um 1m djúp.



Mynd 3 - Horft í norður yfir mógröf 2772-001.



Mynd 4 - Uppmæling af mógröf 2772-001. Norður snýr til hægri.

2

Númer: 2772-002**Hlutverk:** Vörslugarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 412359.0 N: 397724.7**Lengd:** 75.5m**Breidd:** 2m**Hæð veggja:** 0.4 – 0.5m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Garðlagið hefur lokað af lítinn skika á milli Höskuldslækjar og lítils ónefnds lækjar sem rennur í hann. Garðurinn er um 110m NV við mógröf 2772-001.

Minjalýsing: Vörslugarður úr torfi. Garðurinn er bogadreginn og þokkalega siginn. Veggjahæð er frá 0.4 - 0.5m. Vestur endi garðsins hverfur undir uppmokstur úr skurði og líklega hefur garðurinn haldið áfram í vestur að Höskuldslæk. Garðlagið liggur nokkurnvegin í SV – NA. Garðlagið hefur myndað aðhald á skikanum sem það lokar af. Það má sjá niðurgröft meðfram garðinum þar sem torfið í hann hefur verið tekið.



Mynd 5 - Horft í austur yfir vörslugarð 2772-002


3**Númer: 2772-003****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 412379.7 N: 397682.3**Lengd:** 4m**Breidd:** 3.8m**Hæð veggja:** 0 – 0.2m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Við Höskuldslæk, um 35m sunnan við vörslugarð 2772-002 og um 80m NV við mógröf 2772-001.

Minjalýsing: Ferhyrnd tóft grafin inn í bakkan með veggjum að framan úr torfi. Inngangur í tóftina virðist vera í vestur. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd þar sem hún er greinanleg er um 0.5m



Mynd 6 - Horft í austur yfir tóft 2772-003



Mynd 7 - Uppmæling af tóft 2772-003.

4

Númer: 2772-004**Hlutverk:** Framræsla / fráveita**Tegund:** Niðurgröftur**Staðsetning:** A: 412386.4 N: 397681.1**Lengd:** 8.3m**Breidd:** 2m**Hæð veggja:****Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Um 4m austan við tóft 2772-003, byrjar í mýrinni ofan við tóftina og gengur niður í Höskuldslæk.

Minjalýsing: Mögulegur fráveituskurður, veitir þá vatni frá tóft 2772-003. Skurðurinn er um 1m djúpur og um 2m breiður að jafnaði.



Mynd 8 - Horft í austur yfir skurð 2772-004.

7. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (B. II). Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Lög um menningarminjar. (29. júní 2012). Sótt frá www.althingi.is:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson & Júlíus Jónsson. (1983). *Sunnlenskar byggðir III*. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

8. KORT

